

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/73/32

frá 28. nóvember 2005

um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 2673)

(2005/842/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 86. gr.,

framkvæma tiltekið verkefni. Í öðru lagi verður umboðið að tengjast þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Í þriðja lagi verður undanþágan að vera nauðsynleg til að unnt sé að framkvæma þau verkefni sem er útlutað og hún verður að vera í réttu hlutfalli við þann tilgang (hér á eftir nefnd nauðsynjarkrafan). Loks má þetta ekki hafa áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum Bandalagsins.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 16. gr. sáttmálans er gerð krafa um að Bandalagið noti heimildir sínar þannig, með fyrirvara um 73., 86. og 87. gr., að tryggt sé að þjónusta, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, sé starfrækt á grundvelli meginreglna og skilyrða sem gerir henni kleift að leysa verkefni sín.
- 2) Til að unnt sé að starfrækja tiltekna þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu á grundvelli meginreglna og við skilyrði sem gera henni kleift að uppfylla markmið sín getur verið nauðsynlegt að ríkið veiti fjárstuðning sem ætlað er að standa straum af sérstökum kostnaði í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu að einhverju eða öllu leyti. Í samræmi við 295. gr. sáttmálans, eins og hún hefur verið túlkuð með dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og dómstóls á fyrsta dómstigi, skiptir það litlu máli út frá lögum Bandalagsins hvort opinber fyrirtæki eða einkafyrirtæki veita þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.
- 3) Í 2. mgr. 86. gr. sáttmálans er því lýst yfir í þessu sambandi að fyrirtæki, sem falið er að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eða sem hafa einkenni fjáröflunarfyrirtækis í skjóli einokunar, skuli lúta reglum sáttmálans, einkum samkeppnisreglum. Ákvæði 2. mgr. 86. gr. heimila þó undantekningu frá reglum sáttmálans, að því tilskildu að nokkur skilyrði séu uppfyllt. Í fyrsta lagi verður að vera fyrir hendi umboð þar sem ríkið felur fyrirtæki að
- 4) Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í dómi sínum í máli Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg gegen Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH⁽¹⁾ (Altmark) að bætur vegna opinberrar þjónustu teldust ekki vera ríkisaðstoð í skilningi 87. gr. sáttmálans, enda væru fjögur eftirfarandi skilyrði væru uppfyllt. Í fyrsta lagi verður viðtökufyrirtækið í reynd að hafa skyldur að rækja um opinbera þjónustu og þær skyldur verða að vera nákvæmlega skilgreindar. Í öðru lagi verður að fastsetja færribreyturnar, sem bæturnar eru reiknaðar út frá, fyrir fram með hlutlægum og gagnsæjum hætti. Í þriðja lagi geta bæturnar ekki verið hærri en nauðsynlegt er til að standa straum af kostnaðinum við að rækja skyldurnar um opinbera þjónustu í heild eða að hluta til, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og sanngjarns hagnaðar. Að lokum, þegar fyrirtækið sem á skyldur að rækja um opinbera þjónustu í tilteknu tilviki er ekki valið samkvæmt reglum um opinber innkaup, sem gera kleift að velja þann bjóðanda sem getur veitt þessa þjónustu fyrir minnstan kostnað fyrir samfélagið, verður að ákvarða hversu háar bæturnar eiga að vera á grundvelli greiningar á þeim kostnaði sem dæmigert fyrirtæki, vel rekið og með fullnægjandi flutningatæki, hefði stofnað til.
- 5) Ef þessi fjögur skilyrði eru uppfyllt teljast bætur fyrir opinbera þjónustu ekki vera ríkisaðstoð og 87. og 88. gr. sáttmálans gilda ekki. Ef aðildarríkin virða ekki þessi skilyrði og ef almenn skilyrði fyrir beitingu 1. mgr. 87. gr. sáttmálans hafa verið uppfyllt teljast bætur fyrir opinbera þjónustu vera ríkisaðstoð sem fellur undir 73., 86., 87. og 88. gr. sáttmálans. Þessi ákvörðun skal því aðeins gilda um bætur fyrir opinbera þjónustu að því marki sem hún telst vera ríkisaðstoð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 19.10.2006, bls. 24.

(1) Dómasafn EB (ECR), 2003, bls. I-7747.

- 6) Í 3. mgr. 86. gr. sáttmálans er framkvæmdastjórninni veitt heimild til að tilgreina merkingu og umfang undanþágunnar skv. 2. mgr. 86. gr. sáttmálans og til að setja fram reglur sem gera kleift að hafa skilvirkt eftirlit með því að skilyrðin, sem sett eru fram í 2. mgr. 86. gr., séu uppfyllt ef nauðsyn krefur. Því skal tilgreina við hvaða skilyrði tiltekin bótakerfi samrýmast 2. mgr. 86. gr. og falla ekki undir kröfuna um fyrirframtilkynningu sem er í 3. mgr. 86. gr. sáttmálans.
- 7) Aðeins er unnt að lýsa því yfir að slík aðstoð samrýmist sáttmálanum ef hún er veitt í því skyni að tryggja veitingu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eins og um getur í 2. mgr. 86. gr. sáttmálans. Í dómaframkvæmdinni kemur skýrt fram að aðildarríkin hafa viðtækan sjálfsákvörðunarrétt þegar þau skilgreina hvaða þjónustu er unnt að flokka sem þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, að undanskildum sviðum þar sem reglur Bandalagsins gilda um það. Verkefni framkvæmdastjórnarinnar er því, að undanskildum sviðum þar sem reglur Bandalagsins gilda um það, að tryggja að engar augljósar skekkjur sé að finna í skilgreiningunni á þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.
- 8) Til að ákvæði 2. mgr. 86. gr. sáttmálans gildi verður aðildarríkið að hafa falið fyrirtækinu, sem þiggur aðstoðina, sérstaklega að starfrækja sérstaka þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Samkvæmt dómaframkvæmdinni um túlkun 2. mgr. 86. gr. sáttmálans verður í slíku umboði eða slíkum umboðum að tilgreina, að lágmarki, nákvæmlega um eðli, gildissvið og tímalengd skyldunnar um opinbera þjónustu sem hefur verið lögð á og nafn viðkomandi fyrirtækis.
- 9) Í því skyni að tryggja að viðmiðunarreglurnar, sem eru settar fram í 2. mgr. 86. gr. sáttmálans, séu uppfylltar er nauðsynlegt að kveða á um nákvæmari skilyrði sem verður að uppfylla að því er varðar umboðið til að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Það er nefnilega aðeins unnt að reikna fjárhæð bótanna rétt og sannreyna hana ef skyldurnar um opinbera þjónustu sem fyrirtækinu ber að rækja og allar skyldur sem ríkinu ber að rækja séu settar fram á skýran hátt í formlegri gerð lögbærra opinberra yfirvalda í viðkomandi aðildarríki. Tegund gerningsins getur verið mismunandi frá einu aðildarríki til annars en í honum skal, að lágmarki, tilgreina nákvæmt eðli, gildissvið og tímalengd skyldunnar um opinbera þjónustu sem hefur verið lögð á, nafn viðkomandi fyrirtækis og kostnaðinn sem viðkomandi fyrirtæki þarf að bera.
- 10) Þegar skyldur um opinbera þjónustu eru skilgreindar og við mat á því hvort viðkomandi fyrirtæki hafi uppfyllt þessar skyldur eru aðildarríkin hvött til að hafa viðtækt samráð, einkum við notendur.
- 11) Í því skyni að komast hjá óréttmætri röskun á samkeppni er auk þess gerð um það krafa í 2. mgr. 86. gr. sáttmálans að bæturnar séu ekki hærrí en nauðsynlegt er til að standa straum af kostnaði sem fyrirtækið stofnar til við að rækja skyldur um opinbera þjónustu, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og sanngjarns hagnaðar. Þetta ber að skilja sem raunverulegan kostnað sem viðkomandi fyrirtæki hefur stofnað til.
- 12) Bætur, sem eru umfram það sem nauðsynlegt er til að standa straum af kostnaði sem viðkomandi fyrirtæki hefur stofnað til, eru ekki nauðsynlegar fyrir starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og þar af leiðandi teljast þær vera ósamrýmanleg ríkisaðstoð sem skal endurgreiða ríkinu. Bætur sem eru veittar fyrir starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu en sem viðkomandi fyrirtæki notar í raun til að starfa á öðrum markaði eru heldur ekki nauðsynlegar fyrir starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og þar af leiðandi teljast þær vera ósamrýmanleg ríkisaðstoð sem skal endurgreiða.
- 13) Í því skyni að tryggja að farið sé að nauðsynjarkröfunni, sem er sett fram í 2. mgr. 86. gr. sáttmálans, er nauðsynlega að mæla fyrir um ákvæði varðandi útreikning og eftirlit með fjárhæð veittra bóta. Aðildarríkin skulu fylgjast reglulega með því að veittar bætur leiði ekki til of mikilla bótagreiðslna. Í því skyni að gefa fyrirtækjum og aðildarríkjum lágmarkssvigrúm skal engu að síður að vera unnt að flytja of miklar bótagreiðslur til næsta tímabils, ef fjárhæð ofgreiddra bóta fer ekki yfir 10% af árlegum bótum, og draga þær frá bótafjárhæðinni sem hefði að öðrum kosti komið til greiðslu. Tekjur fyrirtækja sem hefur verið falið að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu á sviði félagsbústaða geta sveiflast mikið, einkum vegna hættu á að leigutakar lendi í greiðsluerfiðleikum. Ef slík fyrirtæki starfrækja aðeins þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, skal þar af leiðandi vera unnt að flytja ofgreiddar bætur á einu tímabili til hins næsta samsvarandi fjárhæð sem nemur allt að 20% af árlegum bótum.

- 14) Að því marki sem bætur til fyrirtækja, sem hefur verið falið að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, og fjárhæð bótanna er ekki hærr en kostnaðurinn við þjónustuna og viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun eru virt telur framkvæmdastjórnin að áhrifin á þróun viðskipta séu ekki það mikil að það stríði gegn hagsmunum Bandalagsins. Í slíkum tilvikum telur framkvæmdastjórnin að líta skuli svo á að bæturnar teljist vera ríkisaðstoð sem samrýmist 2. mgr. 86. gr. sáttmálans.
- 15) Lágur bótafjárhæðir til fyrirtækja sem veita þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu með takmarkaða veltu hafa ekki áhrif á þróun viðskipta og samkeppni í slíkum mæli að það stríði gegn hagsmunum Bandalagsins. Þegar skilyrðin sem eru sett fram í þessari ákvörðun hafa verið uppfyllt skal því ekki gera kröfu um fyrirframtilkynningu. Þegar skilgreina á gildissvið undanþágunnar frá tilkynningaskyldu skal taka tillit til veltu fyrirtækja sem taka við bótum fyrir opinbera þjónustu og til fjárhæðar bótanna.
- 16) Sjúkrahús og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á félagsbústöðum og hefur verið falið að vinna verkefni sem tengjast þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, hafa sértæk einkenni sem ber að taka tillit til. Einkum skal taka tillit til þess að við núverandi þróunarstig innri markaðarins er röskum á samkeppni í þessum geirum ekki endilega í réttu hlutfalli við umfang veltu og bóta. Til samræmis við það skulu sjúkrahús, sem veita læknishjálp, þ.m.t., ef við á, neyðarþjónusta og viðbótarþjónusta, sem tengjast aðalstarfsemi, einkum á sviði rannsóknna, og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á félagsbústöðum og sem láta húsnæði í té illa settum borgurum eða félagslega bágstöddum hópum sem vegna fjárhagsörðugleika geta ekki fengið húsnæði við markaðsaðstæður, fá undanþágu frá tilkynningaskyldunni sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun ef aðildarríkin skilgreina þjónustuna sem veitt er sem þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.
- 17) Ákvæði 73. gr. sáttmálans teljast vera sérreglur (lex specialis) að því er varðar 2. mgr. 86. gr. Þar er kveðið á um reglur sem gilda um bætur fyrir opinbera þjónustu í landflutningum. Þessi grein hefur verið útfærð í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1191/69 frá 26. júní 1969 um aðgerðir aðildarríkjanna vegna skyldna sem felast í hugtakinu opinber þjónusta í flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum⁽¹⁾, þar sem mælt er fyrir um almenn skilyrði að því er varðar skyldur um opinbera þjónustu á sviði landflutninga og kveðið á um aðferðir við útreikning bóta. Í reglugerð (EBE) nr. 1191/69 eru allar bætur á sviði landflutninga, sem uppfylla skilyrði um tilkynningaskyldu samkvæmt 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, undanþegnar. Í reglugerðinni er aðildarríkjunum einnig heimilað að veita undanþágu frá ákvæðum hennar þegar um er að ræða fyrirtæki sem eingöngu annast flutninga í þéttbýli, í úthverfum og á svæðavisu. Ef þessari undanþágu er beitt falla allar bætur að því er varðar skyldur um opinbera þjónustu, að svo miklu leyti sem þær teljast vera ríkisaðstoð, undir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 frá 4. júní 1970 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum⁽²⁾. Samkvæmt dómnum í Altmark-málinu er ekki unnt að lýsa því yfir að bætur, sem virða ekki ákvæði 73. gr., samrýmist sáttmálanum á grundvelli 2. mgr. 86. gr. eða á grundvelli einhvers annars ákvæðis í sáttmálanum. Þar af leiðandi skal þessi ákvörðun ekki taka til slíkra bóta.
- 18) Ólíkt landflutningum falla sjó- og loftflutningar undir 2. mgr. 86. gr. sáttmálans. Tilteknar reglur sem gilda um bætur fyrir opinbera þjónustu í loft- og sjóflutningum er að finna í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang Bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan Bandalagsins⁽³⁾ og í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó)⁽⁴⁾. Andstætt reglugerð (EBE) nr. 1191/69 vísa þessar reglugerðir þó ekki í það hvort hugsanlegir þættir ríkisaðstoðar séu samrýmanlegir né er í þeim að finna undanþágu frá tilkynningaskyldunni samkvæmt 2. mgr. 88. gr. sáttmálans. Því er við hæfi að láta þessa ákvörðun gilda um bætur fyrir opinbera þjónustu í loft- og sjóflutningum, að því tilskildu að slíkar bætur, auk þess að uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í þessari ákvörðun, fari einnig að reglum um sérsvið sem eru í reglugerð (EBE) nr. 2408/92 og í reglugerð (EBE) nr. 3577/92 þegar við á.
- 19) Viðmiðunarmörkin sem gilda um bætur fyrir opinbera þjónustu í loft- og sjóflutningum skulu alla jafna vera hinar sömu og gilda almennt. Í sérstökum tilvikum bóta fyrir opinbera þjónustu vegna tenginga í lofti eða á sjó við eyjar og vegna flugvalla og hafna sem fela í sér þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, eins

(¹) Stjtið. EB L 156, 28.6.1969, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1893/91 (Stjtið. EB L 169, 29.6.1991, bls. 1).

(²) Stjtið. EB L 130, 15.6.1970, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 543/97 (Stjtið. EB L 84, 26.3.1997, bls. 6).

(³) Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

(⁴) Stjtið. EB L 364, 12.12.1992, bls. 7.

og um getur í 2. mgr. 86. gr. sáttmálans, er meira viðeigandi að kveða einnig á um önnur viðmiðunarmörk sem byggjast á meðalfjölda farþega á ári þar sem það gefur réttari mynd af efnahagslegum veruleika þessarar starfsemi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

20) Þessi ákvörðun skýrir að miklu leyti merkingu og umfang undanþágunnar samkvæmt 2. mgr. 86. gr. sáttmálans eins og Dómstóllinn og dómstóllinn á fyrsta dómstigi og framkvæmdastjórnin hafa áður beitt henni með samræmdum hætti. Að því marki sem hún breytir ekki efnislega lögum sem gilda á þessu sviði skal hún öðlast gildi þegar í stað. Tiltekin ákvæði í þessari ákvörðun ganga þó lengra en óbreytt ástand með því að setja fram viðbótarkröfur sem miða að skilvirku eftirliti með viðmiðunareglunum sem eru settar fram í 2. mgr. 86. gr. Rétt er að gera ráð fyrir eins árs fresti áður en þessi sérstöku ákvæði öðlast gildi til að aðildarríkin geti gert nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi.

Í þessari ákvörðun eru sett fram skilyrði fyrir því hvenær líta beri á að ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu til fyrirtækja sem hefur verið falið að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, samrýmist sameiginlega markaðnum og hvenær hún sé undanþegin tilkynninga-skyldunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

2. gr.

Gildissvið

21) Undanþága frá kröfunni um fyrirframtilkynningu að því er varðar tiltekna þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu útilokar ekki að aðildarríkin geti tilkynnt um sérstakt aðstoðarverkefni. Slík tilkynning verður metin í samræmi við meginreglurnar um rammaákvæði Bandalagsins um ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu ⁽¹⁾.

1. Þessi ákvörðun gildir um ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu til fyrirtækja í tengslum við þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eins og um getur í 2. mgr. 86. gr. sáttmálans og sem fellur undir einn eftirfarandi flokka:

22) Þessi ákvörðun gildir með fyrirvara um ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE frá 25. júní 1980 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja ⁽²⁾.

a) bætur fyrir opinbera þjónustu til fyrirtækja þar sem meðalveltan fyrir skatta, að allri starfsemi meðtalinni, er minni en 100 milljónir evra á ári næstu tvö ár á undan árinu þegar því var úthlutað þjónusta sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, og sem fá minna en 30 milljónir evra í bætur á ári fyrir viðkomandi þjónustu,

23) Þessi ákvörðun gildir með fyrirvara um gildandi ákvæði Bandalagsins á sviði opinberra innkaupa og samkeppni, einkum ákvæði 81. og 82. gr. sáttmálans.

b) bætur fyrir opinbera þjónustu til sjúkrahúsa og fyrirtækja sem reka félagsbústaði og stunda starfsemi sem flokkast undir þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu í viðkomandi aðildarríki,

24) Þessi ákvörðun gildir með fyrirvara um strangari sérákvæði varðandi skyldur um opinbera þjónustu sem eru í löggjöf Bandalagsins um einstakar atvinnugreinar.

c) bætur fyrir opinbera þjónustu vegna tenginga í lofti eða á sjó við eyjar þar sem meðalfjöldi farþega á ári, næstu tvö ár á undan því þegar þjónusta sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu var úthlutað, er ekki meiri en 300 000 farþegar,

d) bætur fyrir opinbera þjónustu vegna flugvalla og hafna þar sem meðalfjöldi farþega á ári, næstu tvö ár á undan því þegar þjónusta sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu var úthlutað, er ekki meiri en 1 000 000 farþegar þegar um flugvelli er að ræða og 300 000 farþegar þegar um hafnir er að ræða.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 297, 29.11.2005.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 195, 29.7.1980, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/52/EB (Stjtið. EB L 193, 29.7.2000, bls. 75).

Ákvarða má 30 milljóna evra viðmiðunarmörkin í a-lið fyrsta undirlíðar með því að taka árlegt meðaltal allra bóta sem hafa verið veittar á samningstímanum eða á fimm ára tímabili. Að því er varðar lánastofnanir komi viðmiðunarmörk fyrir niðurstöðutölu efnahagsreiknings að fjárhæð 800 milljónir evra í stað viðmiðunarmarka fyrir veltu að fjárhæð 100 milljónir evra.

2. Á sviði loft- og sjóflutninga skal þessi ákvörðun aðeins gilda um ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu til fyrirtækja í tengslum við þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, eins og um getur í 2. mgr. 86. gr. sáttmálans, og samrýmist reglugerð (EBE) nr. 2408/92 og reglugerð (EBE) nr. 3577/92, þegar við á.

Þessi ákvörðun gildir ekki um ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu til fyrirtækja á sviði landflutninga.

3. gr.

Samhæfi og undanþága frá tilkynningaskyldu

Ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun skal samrýmast sameiginlega markaðnum og hún skal vera undanþegin skyldunni um fyrirframtilkynningu sem kveðið er á um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, með fyrirvara um beitingu strangari ákvæða um skyldur um opinbera þjónustu sem er að finna í lögjög Bandalagsins um einstakar atvinnugreinar.

4. gr.

Umboð

Til að þessi ákvörðun öðlist gildi skal fela viðkomandi fyrirtæki að starfrækja þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, með einu eða fleiri opinberum skjólum sem hvert aðildarríki getur ákveðið með hvaða formi er. Þetta skjal eða þessi skjöl skulu einkum tilgreina:

- eðli og lengd skyldnanna um opinbera þjónustu,
- viðkomandi fyrirtæki og yfirlýðingarsvæði,
- eðli sérstaks réttar eða einkaréttar sem fyrirtækinu hefur verið úthlutað,
- færifreytur til að reikna út, hafa eftirlit með og endurskoða bæturnar,

- fyrirkomulag til að komast hjá og til að endurgreiða allar ofgreiddar bætur.

5. gr.

Bætur

- Fjárhæð bótanna skal ekki vera hærri en nauðsynlegt er til að standa straum af kostnaði sem stofnað er til við að rækja skyldur um opinbera þjónustu, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og sanngjarns hagnaðar af því fjármagni sem er nauðsynlegt til að rækja þær skyldur. Bæturnar verður raunverulega að nota til að starfrækja viðkomandi þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, með fyrirvara um getu fyrirtækisins til að njóta sanngjarns hagnaðar.

Fjárhæð bótanna skal fela í sér allan ávinning sem ríkið veitir eða sem kemur með framlögum ríkisins í hvaða mynd sem er. Sanngjarn hagnaður skal taka tillit til allrar eða hluta framleiðniaukningarinnar sem viðkomandi fyrirtæki nær fram á tilteknum takmörkuðum tíma án þess að dregið sé úr gæðum þjónustunnar sem ríkið hefur falið fyrirtækinu.

- Kostnaðurinn sem taka ber tillit til skal ná til alls kostnaðar sem stofnað er til við starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Hann skal reiknaður út á grundvelli almennt viðurkenndra kostnaðarbókhaldsreglna sem hér segir:

- ef starfsemi viðkomandi fyrirtækis einskorðast við þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu má taka tillit til alls kostnaðar þess,
- ef fyrirtækið stundar einnig aðra starfsemi en þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu skal aðeins taka tillit til þess kostnaðar sem tengist þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu,
- kostnaðurinn sem er úthlutað til þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu getur tekið til alls breytilegs kostnaðar sem stofnað er til vegna þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, til hlutfallslegs framlag til fasts kostnaðar sem er sameiginlegur þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og annarri starfsemi og til sanngjarns hagnaðar,
- taka má tillit til kostnaðarins sem tengist fjárfestingum, einkum varðandi grunnvirki, þegar það er nauðsynlegt vegna starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

3. Tekjurnar sem taka ber tillit til skulu að minnsta kosti ná til allra tekna af þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Ef viðkomandi fyrirtæki hefur sérstakan rétt eða einkarétt sem tengist annari þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og hagnaðurinn af rekstrinum er meiri en sanngjarn má teljast eða ef það nýtur annars ávinnings af hálfu ríkisins skal fyrirtækið taka hann með í tekjum sínum, óháð því hvernig hann er flokkaður í sambandi við 87. gr. Viðkomandi aðildarríki getur ákveðið að hagnaðurinn, sem aflað er með annari starfsemi en þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, eigi að renna í heild eða að hluta til fjármögnunar á þjónustunni sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

4. Í þessari ákvörðun þýðir „skynsamlegur hagnaður“ arðsemi eigin fjár sem tekur tillit til áhættunnar, eða þess að engin áhætta er fyrir hendi, sem fyrirtækið stofnar til vegna íhlutunar aðildarríkisins, einkum ef hið síðarnefnda veitir einkarétt eða sérstakan rétt. Þessi arðsemi skal alla jafna ekki vera meiri en meðalarðsemi í viðkomandi geira á síðustu árum. Í geirum þar sem ekki er neitt fyrirtæki sambærilegt því sem hefur verið falið að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu má gera samanburð við fyrirtæki í öðrum aðildarríkjum eða, ef nauðsyn krefur, í öðrum geirum, að því tilskildu að tekið sé tillit til sérstakra einkenna hvers geira. Þegar aðildarríkið ákvarðar hvað telst vera sanngjarn hagnaður getur það innleitt hvataviðmiðanir, einkum um gæði veittrar þjónustu og aukinnar framleiðsluhagkvæmni.

5. Þegar félag annast starfsemi sem tekur bæði til þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og annarrar starfsemi skal innra bókhald sýna aðgreindan kostnað og tekjur sem tengjast þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og annari þjónustu, svo og færðbreyturnar fyrir skiptingu kostnaðar og tekna.

Kostnaðurinn sem tengist annari starfsemi en þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu skal ná til alls breytilegs kostnaðar, viðeigandi framlags til sameiginlegs fastakostnaðar og fullnægjandi ávöxtunar eigin fjár. Ekki skal veita neinar bætur vegna þessa kostnaðar.

6. gr.

Eftirlit með ofgreiddum bótum

Aðildarríkin skulu gera reglubundnar athuganir eða sjá til þess að slíkar athuganir séu gerðar til að tryggja að fyrirtæki fái ekki bætur umfram þá fjárhæð sem er ákvörðuð í samræmi við 5. gr.

Aðildarríkin skulu gera kröfu um að viðkomandi fyrirtæki endurgreiði allar ofgreiddar bætur og uppfæra skal

færðbreyturnar fyrir útreikning bótanna í framtíðinni. Ef fjárhæð ofgreiddra bóta er ekki meiri en 10% af fjárhæð árlegra bóta má flytja slíkar ofgreiddar bætur til næsta árlega tímabils og draga þær frá bótafjárhæðinni sem er til greiðslu á því tímabili.

Aðildarríkin skulu gera reglubundnar athuganir innan félagsbústaðageirans eða sjá til þess að slíkar athuganir séu gerðar, í hverju einstöku fyrirtæki, til að tryggja að viðkomandi fyrirtæki fái ekki bætur sem eru hærri en fjárhæðin sem er ákvörðuð í samræmi við 5. gr. Flytja má allar ofgreiddar bætur, sem nema allt að 20% af árlegum bótum, til næsta tímabils, að því tilskildu að viðkomandi fyrirtæki starfræki aðeins þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

7. gr.

Tiltækar upplýsingar

Aðildarríkin skulu gera alla þætti, sem nauðsynlegir eru til að ákvarða hvort úthlutaðar bætur samrýmast þessari ákvörðun, tiltæka í að minnsta kosti 10 ár. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni, samkvæmt skriflegri beiðni hennar, allar upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að ákvarða hvort gildandi bótakerfi samrýmist þessari ákvörðun.

8. gr.

Skýrslur

Hvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni á þriggja ára fresti reglubundnar skýrslur um framkvæmd þessarar ákvörðunar með ítarlegri lýsingu á skilyrðunum fyrir beitingu hennar í öllum geirum, þar á meðal í félagsbústaða- og sjúkrahúsageirunum. Fyrstu skýrsluna skal leggja fram eigi síðar en 19. desember 2008.

9. gr.

Mat

Framkvæmdastjórnin mun, eigi síðar en 19. desember 2009, leggja mat á áhrifin sem byggist á upplýsingum um staðreyndir og niðurstöðum viðtæks samráðs sem framkvæmdastjórnin stendur fyrir, einkum á grundvelli gagna sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 8. gr.

Niðurstöður matsins á áhrifunum verða tiltækar Evrópuþinginu, svæðanefndinni, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu og aðildarríkjunum.

10. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. desember 2005.

Ákvæði c-, d- og e-liðar 4. gr. og 6. gr. gilda frá og með 29. nóvember 2006.

11. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

framkvæmdastjóri.